

Viðbragðsáætlun Hringsjár vegna EKKO



Hringsjá
endurhæfing

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Skilgreiningar.....	1
Einelti	1
Kynbundin áreitni.....	2
Kynferðisleg áreitni	2
Ofbeldi.....	3
Framkvæmd	3
Óformleg málsmeðferð.....	4
Viðrun.....	4
Íhlutun.....	4
Formleg málsmeðferð.....	5
Verkferlar	7

Inngangur

Markmið og tilgangur viðbragðsáætlunar Hringsjár vegna eineltis, kynbundinnar áreitni, kynferðislegrar áreitni og ofbeldi (hér eftir nefnt EKKO) er að tryggja að úrræði séu til staðar og skýrir verkferlar í samræmi við ákvæði laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerð nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn EKKO á vinnustöðum (<https://island.is/reglugerdir/nr/1009-2015>).

Viðbragðsáætlunin á bæði við um starfsmenn og nemendur Hringsjár.

Skilgreiningar

Viðbragðsáætlun þessi byggir á skilgreiningum reglugerðar nr. 1009/2015, 3.gr. á einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum.

Einelti

Einelti er síendurtekin hegðun sem almennt er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður, svo sem að gera lítið úr, móðga, særa eða ógna viðkomandi eða að valda honum ótta. Skoðanaágreiningur eða ágreiningur vegna ólíkra hagsmuna fellur ekki hér undir.

Dæmi um birtingarmyndir eineltis:

- Baktal, slúður
- Særandi orð
- Hörð gagnrýni
- Einangrun, útilokun
- Misræmi í úthlutun verkefna
- Leyna upplýsingum
- Skemmdarverk
- Geðheilsan dregin í efa
- Líkamlegt einelti
- Rafrænt einelti

Kynbundin áreitni

Hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir viðkomandi. Áreitni getur verið bæði kynferðisleg og/eða kynbundin.

Dæmi um kynbundna áreitni getur verið:

- Óviðeigandi talsmáti eða framkoma sem tengist kyni og kynhneigð fólks
- Niðurlæging til dæmis vegna aldurs eða kyns
- Lítillekkandi athugasemdir um kyn einstaklings og getu hans/hennar/þeirra.
- Almennt neikvætt viðhorf um ákveðið kyn

Kynferðisleg áreitni

Hvers kyns kynferðisleg hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg.

Dæmi um birtingarmyndir kynferðislegrar áreitni:

- Að fara inn á persónulegt rými einstaklings, eins og að halla sér yfir eða króa af
- Óvelkomin snerting, káf og þukl
- Óvelkomin faðmlög, kossar, klapp eða strokur
- Líkamlegt ofbeldi til dæmis að slá, hrista eða rassskella
- Óvelkomið kynferðislegt eða kynbundið grín, stríðni, spurningar eða athugasemdir varðandi klæðnað eða útlit starfsfólks/nemenda
- Persónulegar spurningar um kynlíf og þrýstingur um kynferðislegan greiða
- Starfsfólk/nemendur eru beðin um að klæðast á óviðeigandi hátt
- Boð á stefnumót í óþökk starfsfólks/nemenda
- Óvelkomnar kynferðislegar augngotur eða önnur hegðun sem gefur eitthvað kynferðislegt til kynna
- Það að hengja upp veggspjöld, dagatöl eða myndefni sem inniheldur kynferðislegt efni eða niðurlægir ákveðið kyn
- Senda eða sýna kynferðislegt efni til dæmis í gegnum samskiptaforrit

Ofbeldi

Ofbeldi er hvers kyns hegðun sem leiðir til eða gæti leitt til líkamlegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir henni verður. Einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennd frelsissvipting.

Ofbeldi getur verið annað hvort andlegt eða líkamlegt.

Dæmi um ofbeldi:

- Þegar einhver meiðir til dæmis sparkar, lemur hrindir eða klípur
- Hótun um að meiða
- Kynferðislegt ofbeldi er þegar einhver káfar á starfsmanni/nemanda eða fær hann til að gera eitthvað kynferðislegt sem hann vill ekki gera
- Kynferðisleg áreitni með orðum og látbragði er líka ofbeldi
- Þegar tæki eða tækni er notað til að fylgjast með starfsfólki/nemendum, ógna þeim, áreita eða niðurlægja
- Einangra viðkomandi frá samstarfsfólki/samnemendum, fylgjast með eða stjórna samskiptum við aðra
- Hunsun, að uppnefna fólk og/eða öskra á það

Framkvæmd

Viðbragðsteymi Hringsjár við EKKO málum skal alltaf bregðast við þegar berst kvörtun/ábending um einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni eða ofbeldi á vinnustaðnum/endurhæfingunni. Hvert mál er metið af EKKO teymi Hringsjár og/eða utanaðkomandi aðila ef þörf er fyrir því. Mikilvægt er að tryggja að við matið sé hluteigandi einstaklingum gefinn kostur á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Ef matið leiðir til þess að grunur liggur um að einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni eða ofbeldi eigi sér stað eða hafi átt sér stað á vinnustaðnum/endurhæfingunni skal EKKO teymið grípa til aðgerða í samræmi við viðbragðsáætlun Hringsjár við EKKO málum. Ef mat leiðir til þess að ekki hafi um EKKO mál verið að ræða skal EKKO teymið í samráði við forstöðumann Hringsjár grípa til aðgerða til að finna þeim aðstæðum sem kvartað hefur verið yfir farveg, til að koma í veg fyrir að þær endurtaki sig. EKKO teymi Hringsjár skal skrá allt sem tengist meðferð máls og halda

þeim aðilum sem koma að málinu upplýstum meðan á því stendur. Hér fyrir neðan verður farið yfir muninn á óformlegri og formlegri málsmeðferð og verkferla Hringsjár við EKKO málum.

Óformleg málsmeðferð

Þegar mál fer í óformlega málsmeðferð þá er markmiðið að kortleggja uppákomuna, samskiptin og koma með hugmyndir að úrbótum. Rætt er við einstaklinginn og málið skoðað. Mikilvægt er að einstaklingurinn veiti samþykki fyrir þeim inngripum sem lögð eru til.

Viðbragðsaðilar skulu alltaf ræða augliti til auglitis við þann sem tilkynnir eða kemur með ábendingu. Næstu skref eru ákveðin í samráði við einstaklinginn.

Tvær leiðir tilheyrja óformlegri málsmeðferð og útilokar ein ekki aðra. Einstaklingurinn getur valið að fá viðrun (leið a) og síðar valið íhlutun (leið b) eða valið strax formlega málsmeðferð (leið c).

Viðrun

Ef einstaklingur upplifir óþægileg/ óviðeigandi atvik eða verður vitni að slíku, getur hann óskað eftir samtali við viðbragðsteymið. Tilgangur viðtalsins er að gefa einstaklingnum tækifæri til að ræða upplifun í öruggu umhverfi og fá ráðgjöf varðandi næstu skref.

Atburðalýsing er skráð eftir samtalið.

Ef óskað er eftir frekara inngripi, eða ef vilji er að tilkynna málsatvikið eftir viðrun er farið í íhlutun eða formlega málsmeðferð í samráði við einstaklinginn.

Íhlutun

Einstaklingur óskar eftir aðkomu frá viðbragðsteymi. Viðbragðsteymið ræðir við einstaklinginn í þeim tilgangi að varpa ljósi á málið og kanna hvort hægt sé að leiða mál til lykta. Í sumum málum er rætt við aðra aðila sem tengjast málinu en það er alltaf gert með samþykki einstaklingsins.

Viðbragðsteymið hlustar, speglar og styður við einstaklinginn. Gögnum er safnað út frá hverju og einu máli og til verður áætlun þar sem tillögur að úrbótum eða verklagi eru lagðar undir viðkomandi. Einnig er boðið upp á eftirfylgni ef það á við. Óski einstaklingurinn eftir að virkja leið C- formlega málsmeðferð er það gert.

Atburðalýsing er skráð eftir samtalið. Viðbragðsteymið fylgir málinu eftir og sér til þess að málinu sé lokað eða í viðeigandi farvegi. Ef einstaklingurinn lítur svo á að málinu sé lokið, er málinu formlega lokið hjá viðbragðsteyminu.

Formleg málsmeðferð

Megintilgangur formlegrar málsmeðferðar er að viðhafa rannsókn á því hvort tilkynning falli undir skilgreiningar b-liðar 3.gr. reglugerðar nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum. Óski einstaklingurinn eftir formlegri meðferð máls þarf tilkynning að berast um meint einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni eða ofbeldi. Slík tilkynning getur borist skriflega eða með viðtali við viðbragðsaðila sem aðstoðar einstaklinginn við að koma tilkynningu áfram í hlutlausu athugun og er hún unnin af utanaðkomandi fagaðila. Þegar tilkynning hefur borist hefur EKKO teymið það hlutverk að halda málsaðilum upplýstum og að formlegri málsmeðferð sé framfylgt. Verkferlar hlutlausrar athugunar er með þessum hætti:

- 1) Tilkynning berst viðbragðsteymi og forstöðumanni Hringsjár.**
- 2) Hlutlaus athugun og úrvinnsla hefst.** Viðbragðsteymi og forstöðumaður Hringsjár bera ábyrgð á því að hlutlaus athugun og úrvinnsla eigi sér stað. Úttektin skal vera í samræmi við viðmið fagaðila á sviði EKKO mála. Jafnframt skal forstöðumaður og viðbragðsteymi taka til athugunar hvort ástæða sé til breytinga innan vinnustaðar til að tryggja vinnuaðstæður á meðan á meðferð máls stendur. Heimilt er að víkja þeim sem ábendingin snýr að tímabundið frá störfum/endurhæfingu á meðan mál er í ferli.
- 3) Upplýsingaöflun.** Rætt er við þá einstaklinga sem koma að málinu og þeim gefinn kostur á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Sé talin þörf á er rætt við samstarfsfélaga, samnemendur eða aðra aðila sem gætu varpað ljósi á málavexti. Allar upplýsingar eru varðveittar sem trúnaðargögn og í samræmi við gildandi lög um persónuupplýsingar.
- 4) Úrvinnsla gagna og niðurstaða.** Óháðir utanaðkomandi fagaðilar leggja mat á hvort málsatvik séu í samræmi við skilgreiningu á kynferðislegri/kynbundinni áreitni eða ofbeldi í skilningi skilgreiningar b-liðar 3 gr. Reglugerðar nr. 1009/2015 eða hvort um annars konar vanda er að ræða, t.d. samskiptavanda. Lögð er fram skýrsla þar sem farið er yfir málsatvikið ásamt tillögu að inngripum og eftirfylgni. Leiði mat á aðstæðum til þess að unnt sé að slá því föstu að um einelti, áreitni eða ofbeldi sé að ræða eru

viðeigandi viðbrögð metin til að stöðva eða koma í veg fyrir frekari hegðun af því tagi sem um ræðir.

- 5) Niðurstöður kynntar og stutt við málsaðila.** Utanaðkomandi aðili skilar álitni til viðbragðsteymis og forstöðumanns Hringsjár. Niðurstöður eru kynntar fyrir málsaðilum í sitthvorum lagi á skilafundi. Í framhaldinu er málsaðilum boðið stuðningur eða frekari úrvinnsluleiðir sé þess þörf, s.s. sálfræðimeðferð eða ráðgjöf.

Ef mat á aðstæðum leiðir til þess að einelti, áreitni eða ofbeldi er staðreynt verður gripið til viðurlaga (sjá neðar).

Ef mat á aðstæðum leiðir til þess að ekki sé um að ræða einelti, áreitni eða ofbeldi í skilningi b. liðar. 3 gr reglugerðar nr. 1009/2015 er hlutverk viðbragðsteymis Hringsjár eða utanaðkomandi aðila að stuðla að öryggi og vellíðan málsaðila með viðeigandi aðgerðum.

- 6) Eftirmálar.** Viðbragðsteymi Hringsjár eða utanaðkomandi fagaðilar bera ábyrgð á að haft sé samband við málsaðila innan tveggja mánaða. Þar er verið að ganga úr skugga um að máli sé lokið eða sé í viðeigandi farvegi.

Viðurlög

Leiði mat á atvikum til þess að unnt sé að slá því föstu að um einelti, áreitni eða ofbeldi sé að ræða geta viðurlög átt við:

- Munnleg viðvörðun, tiltal
- Skrifleg áminning
- Tilfærsla í endurhæfingu/starfi
- Tímabundið vikið frá endurhæfingu/starfi
- Bann við þátttöku í viðburðum á vegum Hringsjár
- Brottvísun úr endurhæfingu/starfi

Verkferlar

Verkferlar Hringsjár við EKKO málum

Í viðbragðsteymi Hringsjár við EKKO málum sitja þrír starfsmenn með þverfaglega háskólamenntun. Þeir eru Hildur Ævarsdóttir, Gunnar Möller og Sandra Sif Gunnarsdóttir.

Óformleg málsmeðferð		Formleg málsmeðferð	
A) Viðrun		B) Íhlutun	C) Formleg málsmeðferð
Tilgangur	Einstaklingurinn getur rætt upplifun sína í öruggum aðstæðum.	Einstaklingur óskar eftir frekari aðkomu/stuðningi frá viðbragðsteymi.	Viðbragðsteymið og forstöðumaður Hringsjár óska eftir úttekt á því hvort málið uppfylli viðmið í skilningi skilgreiningar b-liðar 3.gr. reglugerðar nr 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum
Nánar	Einstaklingurinn óskar eftir persónulegri ráðgjöf frá viðbragðsteymi.	Viðbragðsteymið kemur að úrvinnslu mála (málamiðlun, uppræta samskiptavanda, eða aðra óviðeigandi háttsemi hvort sem um ræðir eitt eða fleiri atvik). Aðalatriðið er að styðja við einstaklinginn og uppræta vandann á farsælan hátt með hagsmuni einstaklingsins í fyrirrúmi.	Ekki hafa tilraunir til að sætta aðila borið árangur og/eða alvarleiki gerir það að verkum að gripið er til formlegrar málsmeðferðar. Í forml.málsmeðferð er hlutlaus athugun gerð af utanaðkomandi aðila.
Verkferill	1) Atburðarlýsing skráð 2) Spegla og styðja við einstaklinginn 3) Veita ráðgjöf og verkfæri til samskipta 4) Útskýra hvað gerist ef einstaklingurinn fer í íhlutun eða formlega málsmeðferð.	1) Atburðarlýsing skráð. Tímalína tekin. Næstu skref eru ákveðin í samráði við einstaklinginn 2) Viðtal við þá aðila sem tengjast málinu 3) Kortlagning og greining 4) Farið yfir niðurstöður og tillögur til úrbóta 5) Eftirfylgni	
Eftirfylgni og úrvinnsla	Ef óskað er eftir frekari inngripi eða ef vilji er að tilkynna málsatvikið eftir viðrun er farið í íhlutun eða formlega málsmeðferð í samráði við einstaklinginn.	Eftirfylgni er í samræmi við óskir einstaklingsins	